

LEIK2SÖ05

Búið til: Mon, 11 Oct 2021 10:12:20 GMT

Titill

Söngleikir

Skammstöfun

LEIK2SÖ05

Útgáfunúmer

17

Námsgrein

leiklist

Viðfangsefni

Söngleikir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Fjallað er um söngleiki í víðum skilningi. Megin áhersla er lögð á þátttöku nemenda í uppsetningu söngleikjar. Nemendur kynnst öllu ferlinu við undirbúning sýningar, taka að sér hlutverk eða vinna við aðra þætti, s.s. tónlistarvinnu eða útlitshönnun sýningar. Nemandinn fær markvissa þjálfun og tilsögn í ferlinu. Æfingátímabil verður 6-8 vikur og sýningar í kjölfar þess. Farið er fram á sjálfstæð, skapandi og vönduð vinnubrögð.

Forkröfur

INN11L05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi störfum innan leikhússins
- því verkferli sem viðkomandi er hluti af í sýningunni
- því sem þarf til að söngleikur verði frambærilegur
- mikilvægi jákvæðra samskipta
- menningarlegu hlutverki sviðslista
- framkomu
- tónheyrn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita lausna og sýna frumkvæði
- vinna náið með öðrum á uppbyggilegan hátt
- finna til ábyrgðar á viðfangsefnum
- nýta þau verkfæri sem nauðsynleg eru
- tjá sig fyrir framan hóp
- að standa á sviði í hópi
- segja skoðanir sínar á hreinskiptinn hátt
- beita virkri hlustun
- taka við fyrirmælum og fara eftir þeim

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- axla ábyrgð á því hlutverki sem hann hefur tekið að sér
- sýna sjálfsaga og vönduð vinnubrögð
- vinna með öðrum á jákvæðan og skapandi hátt
- geta sett sig í spor annarra
- rökræða og komast að niðurstöðu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd